

**119**  
18. sept.

|  |        |
|--|--------|
| Vogsósar . . . . .                               | 20 kr. |
| Einholt . . . . .                                | 20 —   |
| Fljótshlíðarþing (auk 20 kr. 5. apríl) . . . . . | 20 —   |
| Knappstaðir (auk 20 kr.) . . . . .               | 20 —   |
| Þönglabakki (auk 20 kr.) . . . . .               | 20 —   |
| Grimsey (auk 22 kr.) . . . . .                   | 20 —   |

Þessar tillögur eru hjer með samþykktar.

**120** — *Brjef landshöfðingja til prófests sira Eiríks Briems um styrk til að leysa*  
18. sept. *af hendi stýrimannsþróf. — Með þessu brjefi var Sigurði nokkrum Sigurðs-*  
*syni frá Vatnsnesi í Húnavatnssýslu, er prófasturinn hafði kennt stýrimannsþróði, veittur*  
*200 kr. styrkur til að leysa af hendi stýrimannsþróf í Kaupmannahöfn, og prófastinum*  
*veitt 50 kr. þóknun fyrir að hafa kennt Sigurði undir þetta þróf.*

**121** — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um kartöflufluguna. —*  
24. sept. *Eins og sjá má af umburðarbrjefi frá innanríkisstjórnarherraum til allra amtmanna í*  
*Danmörku, sbr. þ. á. Ministerialtid. A nr. 149, hefir kartöfluflugan gjört vart við sig*  
*víða á Þýzkalandi. Með því að eigi er uggvant eptir þessu, að hún kynni að flytjast til*  
*Íslands með þýzkum kartöflum, eruð þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir*  
*að leiða athygli landsbúa að þessari hættu, og skora á almennung að segja hreppstjóra*  
*eða lögreglustjóra tafarlaust til, ef kvikindi þetta gjörir vart við sig, og fylgja brjefi þessu*  
*nokkrar myndir af því til útbýtingar. Ef unnt er, skal jafnframt senda hreppstjóra eða*  
*lögreglustjóra nokkur sýnishorn af flugunni, og ber lögreglustjóra að gjöra tafarlaust ráð-*  
*stafanir til að eyða henni, og senda landshöfðingja sem fyrst skýrslu um, að flugunnar*  
*hafi orðið vart.*

**122** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um*  
5. okt. *rannsókn á dýrasjúkdómum. — Jafnframt því að senda yður, herra amt-*  
*maður, skýrslur dýralækni Snorra Jónssonar frá 9. desbr. f. á. og 23. maí þ. á. um*  
*rannsóknir hans á dýrasjúkdómum í Múlasýslum, bið jeg mjer tjáðar tillögur yðar, eða*  
*ef þjer skylduð finna tilefni til að bera mál þetta upp fyrir amtsráðinu, þá ráðsins um það,*  
*hvort amtið óski styrks úr landssjóði til þess að geta látið tjeðan dýralækni halda áfram*  
*rannsóknnum sínum næsta ár, og vænti jeg þá um leið að fá tilkynningu yðar um, hve*  
*mikið þje búast megi við, að amtið leggi fram í þessu tilliti.*

Í sambandi hjer við skal þess getið yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg sje mjer ekki fært að láta útborga að ári dýralækni Snorra Jóns- syni neinn styrk úr landssjóði, nema því að eins að amtið geti notað aðstoð hans, þar sem alþingi bæði felldi frumvarp stjórnarinnar um skipun dýralækna og uppástungu frá mjer um að taka laun dýralæknisins inn í fjárlögin.

**123** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um*  
11. okt. *verðlaun fyrir björgun úr sjávarháská. — Samkvæmt tillögum yð-*

ar herra amtmaður skal hjer með vinnumaður Ólafur Jóhannesson á Hlíðarhúsum við **123**  
Reykjavík sœmdur 25 króna verðlaunum fyrir dugnað þann og snarræði, er hann sýndi **11. okt.**  
við hjörgun nokkurra manna úr sjávarháska í aprilmánuði 1875.

Avisun á nefnda upphæð fylgir hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um húsaleigustyrk* við **124**  
prestaskólann. — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 2. þ. m. **11. okt.**  
veitist hjer með stúdent Morten Hansen, þó hann eigi heima í Reykjavík, 80 kr. styrk-  
ur af fje því, sem veitt er með 13. gr. B I b., fjárlaganna til húsaleigu handa læri-  
sveinum prestaskólans, og eru stiptsyfirvöldin beðin að hlutast til um, að nefnd upphæð  
verði borguð.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **125**  
hjó naskilnað. — Með brjefi yðar, herra amtmaður, frá 30. ágúst þ. á. meðtók jeg **11. okt.**  
bónarbrjef frá konunni Guðbjörgu Jónsdóttur á Tindum um skilnað að borði og sæng við  
bónða sinn Björn Eysteinnsson á Hurðarbaki, þrátt fyrir það, þótt hann hafi ekki fengizt  
til að fara þess á leit með henni.

Út af þessu skal yður tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-  
eiganda, að með því að ekki er borin fram önnur ástæða til hins umbeðna hjónaskiln-  
aðar en ólíkir geðsmunir, getur ekki komið til tals að veita hann gegn vilja annars  
hjó nanna.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **126**  
styrk til vjelasmíðisnáms. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í **15. okt.**  
brjefi frá 30. f. m. hefi jeg veitt prófastinum í Eyjafjardarsýslu 200 kr. styrk úr lands-  
sjóði upp í kostnaðinn við að koma Jóni Árnasyni frá Skútum í verkvjelasmíðisnám, og  
hefi jeg samkvæmt beiðni prófastsins gjört ráðstöfun til að upphæð þessari verði ávísað  
Tryggva alþingismanni Gunnarssyni til útborgunar í Kaupmannahöfn, þegar hann um það  
snýr sjer til ráðgjafans fyrir Ísland. Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar  
og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjardarsýslu um styrk* **127**  
handa kvennaskóla. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra sýslu- **15. okt.**  
maður, mælt fram með beiðni hlutaðeigandi forstöðunefndar um styrk úr landssjóði handa  
kvennaskóla, sem í ráði er að stofna í haust í sýslu yðar.

Út af þessu vil jeg með sjerstöku tilliti til þess, að sýslunefndin hefur veitt þessari  
stofnun 200 kr. þetta ár, hjer með leggja tjeðum skóla 100 kr. styrk af fje því, sem ákvæðið  
er úr landssjóði til vísindalegra og verklegra framkvæmda. Býst jeg við, að sýslunefndin  
hafi hið nauðsynlega eptirlit með, að því fje, sem lagt er úr almennum sjóði til fyrirtækis  
þessa, verði varið samkvæmt tilætluninni, og mun jeg, undir eins og jeg er búinn að fá  
vottorð sýslunefndarinnar um, að skólinn sje byrjaður, ávísa nefndinni tjeðum styrk til  
útborgunar úr jarðabókarsjóði.